

# ORÐAGULL



Tólfra og síðasta smáforritið í jólaþema 2017 er Orðagull. Orðagull er íslenskt smáforrit sem miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu. Það hentar börnum í leikskóla, nemendum á yngsta stigi grunnskóla, eldri nemendum með frávik í málþroska sem og einstaklingum á öllum aldri með íslensku sem annað tungumál.

Forritið kom út fyrir [iOS](#) tæki á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember 2016. Fyrirhugað er að Android útgáfan muni líta dagsins ljós þann **12. janúar 2018**. Í þeirri uppfærslu verður einnig útgáfa fyrir snjallsíma. Fylgist með á facebooksíðunni: <https://www.facebook.com/Ordagull/>

## Dæmi um notkun:

- Að hlusta á og fara eftir heyrnrænum fyrirmælum
- Muna og endurtaka fyrirmæli
- Já og nei spurningar
- Orðaforði
- Orðalestur
- Lesskilningur
- Hlustunarskilningur

Einfalt er að fylgjast með framförum og meta árangur með innbyggðu skráningarkerfi, hvort sem er fyrir kennara, foreldra eða nemendur sjálfa.

Höfundar: Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingar

Hugbúnaðarvinna: Rosamosi

Teikningar: Búi Kristjánsson

Upplstur: Margrét Júlíana Sigurðardóttir